

Orðaspjall í upphafi árs

Þróunarverkefnið *Bók í hönd og þér halda engin bönd* lauk formlega haustið 2011. Á síðustu tveimur árum þróuðu leikskólakennarar í Tjarnarseli aðferð sem kallast *Orðaspjall* en hún felst í því að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Kennarinn les bók fyrir börnin og velur orð úr bókinni til að kenna og leika með. Hann staldrar líka gjarnan við lesturinn til að ræða um söguna og sögupersónur. Orðaforði og hlustunarskilningur hafa mikil áhrif á læsisþroska barna, sérstaklega lesskilning þegar lengra er liðið á skólagönguna og því er afar brýnt að efla þessa þætti á markvissan og faglegan hátt á leikskólaárunum.

Þrátt fyrir að formlegu þróunarverkefni sé lokið erum við hér í Tjarnarseli hvergi nærri hætt og höldum ótrauð áfram að vinna með *Orðaspjallsaðferðina*. Hún tengist nú inn í allt starf leikskólans, kennarar leitast við að kenna börnum ný orð sem þeir finna í barnabókum en einnig orð sem koma upp í samræðum, í vettvangsferðum, við listsköpun og á kubbasvæðum svo fátt sé nefnt.

Orð vikunnar verður áfram á sínum stað, við hvetjum foreldra til að ræða við börnin um orðið og hjálpa þeim til að nota það í samræðum. Bestur árangur næst ef bæði leikskólinn og foreldrar leggjast á eitt um að efla orðaforða og hlustunarskilning barnanna. Þegar sól hækkar á lofti verður foreldrum boðið í sögustund og einnig munum við fara í gang með verkefnið *Bók að heiman* sem tókst einstaklega vel í fyrra.

Þróunarverkefnið hefur vakið mikla athygli og margir leikskólar hafa sóst eftir að fá kynningu á því. Einnig hefur verkefnið verið kynnt á ráðstefnum og málþingum. Um þessar mundir er unnið að handbók um aðferðina og er stefnt að því að hún komi út öðru hvoru megin við sumarið 2012. Þróunarsjóður námsgagna og Skólaþróunarsjóður Fræðsluráðs Reykjanesbæjar styrkja útgáfu bókarinnar sem unnin er í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Afi, er þetta dýrmæt skeið?

Börnin í Tjarnarseli velta merkingu orða heilmikið fyrir sér enda þaulvön í þeim efnum. Eftirfarandi sögu fengum við frá afa sem á barnabarn í leikskólanum. Hann var að gefa drengnum morgunmat, morgunkornið var komið í skálina, afinn rétti honum skeið sem hann hafði sjálfur átt sem lítill drengur og segir um leið „ég borðaði alltaf morgunmatinn með þessari skeið þegar ég var lítill eins og þú ert núna.“ Stráksi tók við skeiðinni, horfði athugunaraugum á afa sinn og spurði síðan: „Afi, Er þetta þá dýrmæt skeið?“

Börnin höfðu lært hvað orðið *dýrmætt* þýddi nokkru áður í tengslum við foreldraverkefnið *Bók að heiman*. Tvö börn komu með fágætar bækur úr eigu foreldra sinna í leikskólann. Í kjölfar þess var mikið rætt um *dýrmæta* hluti og bækur, strákurinn var greinilega búinn að læra orðið og skilja merkingu þess og ekki síst að ýmsir hlutir frá gamalli tíð geta verið dýrmætir í huga okkar.

